



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Reykjavík, 8. nóvember 2021
MÍ202110-0076/ 6.09 / 5294

Umhverfis- og skipulagssvið
Arkitekt Suðurgata 39 101
Reykjavík (354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Gránufélagsgata 22-24, Akureyri – deiliskipulagstillaga

Með tölvupósti dagsettum 18.10.2021 óskaði María Markúsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um drög að deiliskipulagstillögu að Gránufélagsgötu 22-24, dagsett 27.9.2021. Tillagan gerir ráð fyrir byggingu nýrra íbúðarhúsa á lóðinni, meðfram Gránufélagsgötu, og niðurrifi steinsteyprtar skemmu sem stendur á lóð Gránufélagsgötu 22.

Áform um niðurrif skemmunnar eru í tillögunni rökstudd með því að húsið standi lágt og hafi áhrif á hæðarsetningu lóðar og annarra húsa á henni, auk þess sem staðsetning skemmunnar á lóðinni takmarki möguleika á að byggja hús við götu, sem væri í samræmi við byggðamynstur hverfisins. Loks er tekið fram að annað steinsteypt hús sem byggt var árið 1914, standi við Strandgötu 45, ekki langt frá umræddri lóð.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið en hún uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsgerðar. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi 2. nóvember síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum.

Húsakönnun fyrir Oddeyrina í heild sinni er í vinnslu og langt komin en ljúka þarf við leiðréttingu og samræmingu ýmissa atriða í henni, sbr. athugasemdir frá Minjastofnun í tölvupósti dags. 27.1.2021.

Á lóð Gránufélagsgötu 22 stóð áður skúr sem var reistur árið 1921 og íbúðarhús, reist 1923. Íbúðarhúsið og skúrin hafa verið rifin en á lóðinni stendur enn steinsteypt skemma sem reist var árið 1915 og nýtur friðunar skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Minjastofnunar um húsin á lóðinni, er skemman eitt af elstu steinsteyptu húsum á Oddeyri og elsta steinsteypta bakhúsið sem enn stendur á Oddeyri. Um leið og skemman ber vitni um hverfandi byggðarmynstur smáhýsa á fram- og baklóðum sem stóðu ýmist stök eða voru byggð saman í áföngum, er hún eina dæmið sem eftir stendur á Oddeyri og líklega í bænum öllum, um steinsteypta skemmu eða skúr á lóð frá því fyrir 1920.

Minjastofnun Íslands hefur áður fjallað um erindi varðandi niðurrif hinnar steinsteyptu skemmu á lóðinni og synjað þeim í umsögnum dags. 18. desember 2018, 23. apríl 2019 og 17. mars 2020. Hins vegar getur komið til

María Gísladóttir

maria@minjastofnun.is

greina að gerðar verði breytingar á skemmuni að einhverju leyti. Til dæmis að hún yrði lengd, byggt yrði að henni að einhverju leyti, gluggasetningu breytt eða inngangar færðir til, geti það orðið til þess að auka notagildi hennar í samspili við nýbyggingar á lóðinni. Stofnunin hvetur Akureyrarbæ til þess að líta á skemmuna sem möguleika á lóðinni en ekki sem hindrun. Hana mætti hugsanlega nýta sem einhvers konar stoðrymi, geymslu eða annað sem gagnast gæti íbúum væntanlegra nýbygginga á lóðinni.

Um leið telur Minjastofnun áform um sambyggðar nýbyggingar meðfram Gránufélagsgötu ekki samræmast einkennandi byggðarmynstri Oddeyrar eins og best væri á kosið. Að mati stofnunarinnar færi betur á því að byggja stök hús á lóðinni í samræmi við nálæga byggð við Hríseyjargötu og Gránufélagsgötu. Í fyrri umfjöllun stofnunarinnar og samskiptum við Akureyrarbæ vegna þessarar lóðar og annarra svæða á Oddeyri, hefur stofnunin hvatt til þess að hlúð verði að hinni gömlu og fíngerðu byggð á Oddeyri líkt og bærinn hefur sjálfur gert að markmiði sínu með samþykkt Rammahluta aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 þar sem sérstaklega er fjallað um mikilvægi þess að varðveita byggðina á Oddeyri.

Minjastofnun hvetur til þess að Akureyrarbær kynni sér lög um verndarsvæði í byggð og þau verndarsvæði sem þegar hafa verið samþykkt. Hvort sem farið yrði út í slíkt verkefni á Oddeyri eða ekki, mætti þar nýta ýmsa hugmyndafræði við skipulag þar sem verndun og uppbygging haldast í hendur og þar sem áætlun er lögð fyrir um framtíðaruppbyggingu og um leið varðveislu svæða sem eru viðkvæm með tilliti til menningarminja og byggðarmynsturs. Þannig megi vinna uppbyggilega til framtíðar í stað þess að bregðast við tillögum og beiðnum eins og eins lóðarhafa eða húseiganda eftir því sem þær berast.

Minjastofnun Íslands heimilar ekki að hin steinsteypta skemma á lóð Gránufélagsgötu 22 verði rifin en getur fallist á að á henni verði gerðar einhverjar breytingar til þess að hún geti betur nýst í samspili við uppbyggingu á lóðinni. Stofnunin hvetur til þess að skipulag nýbygginga á lóðinni taki betur mið af ríkjandi byggðarmynstri á Oddeyri sem einkennist af stakstæðum húsum í hógværum kvarða. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,

María Gísladóttir

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:

María Markúsdóttir (mariam@akureyri.is)

Pétur Ingi Haraldsson (peturingi@akureyri.is)

Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Author: [Name]
Title: [Title]
Date: [Date]

This document is a scan of a page from a book. The text is mostly illegible due to the quality of the scan and the angle of the page. The visible text appears to be a list or index of entries, possibly related to a specific topic or author. The entries are arranged in a vertical column and include names and dates. The text is too faint to transcribe accurately.